**Héraðsskjalasafn Árnesinga**
(skammstöfun HérÁrn)

Austurvegi 2, pósthólf 2, 802 SELFOSS. Kt. 630189-2849
Sími 482-1259, bréfsími 482-3070, netfang herarn@mmedia.is


**Opnunartími**
Mánudaga, þriðjudaga og föstudaga kl. 14:oo - 18:oo
og fimmtudaga kl.14:oo - 19:oo

**Stjórn safnsins**
Helgi Ívarsson, Hólum, formaður
Loftur Þorsteinsson, Haukholtum, varaformaður
Árni Erlingsson, Birkivöllum 22, Selfossi, ritari

**Héraðsskjalavörður / skjalavörður**
Björn Pálsson, Heiðarbrún 51, Hveragerði, sími 483-4389 og 861-5092
Jón Börkur Ákason, sími 849-6795 og 562-7015

## REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2001

| | 2001 | Áætlun | 2000 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | |
| Héraðsnefnd Árnesinga | 5.010.000 | 5.040.000 | 4.800.000 |
| Þjóðskjalasafn Íslands | 700.000 | 400.000 | 300.000 |
| Styrkir fyrirtækja til kortakaupa | 450.000 | 0 | 0 |
| Seld þjónusta | 236.660 | 170.000 | 182.635 |
| Seld ljósrit | 11.100 | 0 | 6.250 |
| Vaxtatekjur | 61.492 | 0 | 62.184 |
| Húsaleigutekjur | 90.912 | 0 | 180.000 |
| Samtals | 6.560.164 | 5.610.000 | 5.531.069 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3.839.919 | 3.550.000 | 3.385.805 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.619.841 | 1.660.000 | 1.415.933 |
| Afskrifuð viðskiptakrafa | 25.000 | 0 | 0 |
| Vaxta- og færslugjöld | 2.999 | 0 | 2.373 |
| Stofnbúnaður | 2.178.335 | 400.000 | 1.325.232 |
| Samtals | 7.666.094 | 5.610.000 | 6.129.343 |
| **HÆKKUN (LÆKKUN) Á HREINU VELTUFÉ:** | ( 1.105.930 ) | 0 | ( 598.274 ) |
| **BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:** | | | |
| Veltufjárstaða í árslok | 279.930 | 1.385.860 | 1.385.860 |
| Veltufjárstaða í ársbyrjun | 1.385.860 | 1.385.860 | 1.984.134 |
| **BREYTING Á ÁRINU** | ( 1.105.930 ) | 0 | ( 598.274 ) |

# HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

# ÁRSSKÝRSLA 2001


Gullbrúðkaupskvæði
til hjónanna: Guðmundar Jónssonar
og Valgerðar Bjarnadóttir
á Efraseli, haustið 1907.

Oft menn höfðu heimboð inni
hjer á landi' í fortíðinni.
Svo var fyrir fimtíu árum,
fagnað var af hjarta þá.
Þó að kominn væri vetur
vorið gladdi sjaldan betur:
vor í ungra hjóna hjörtum
heiðursdegi glöðum á.

Gullbrúðkaupskvæðið er 10 erindi og undirritað V.B.
Það mun sennilega vera séra Valdimar Briem.

# Annáll 2001

Tölverð breyting varð á rekstri safnsins frá fyrra ári. Í ársbyrjun samdi hérðasskjalavörður við sveitarfélagsið Ölfus um ritun sögu Þorlákshafnar. Þá lækkaði stöðuhlutfall hans í 70% við safnið. Jafnframt var gerður samningur við Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjáltaverkfræði um að Jón Börkur Ákason, þjóðfræðingur, sem þar starfar, ynni í allt að 50% stöðu við héraðsskjalasafnið.

Aðburður skjala var mikill í um 50 afhendingum. Stærstu skjalasöfnin komu frá Grafnings- og Skeiðahreppum og voru þau flokkuð og skráð í geymsluskrá safnsins. Stærst safn einkaskjala er frá Blómamiðstöðinni og ættu þau að gefa nokkuð glögga mynd af viðskiptum blómabænda fyrrum.

Rekstrartekjur safnsins urðu 6.560.164 eða 950.164 kr. umfram áætlun. Munar þar einkum um styrk frá 12 fyrirtækjum að upphæð kr. 450.000 til kaupa á Íslandskortum. Þau voru: Mjólkurbú Flóamanna, Landsbanki Íslands á Selfossi, Búnaðarbanki Íslands á Hellu, Hveragerði og Selfossi, Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarskjálftaverkfræði, Búnaðarsamband Suðurlands, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Sláturfélag Suðurlands, Prentsmiðja Suðurlands, Íslandsbanki á Selfossi og Sjóvá-Almennar. Þá fengust 300.000 kr. frá Þjóðsskjalasafni Íslands umfram áætlun. Gjöldin urðu hins vegar mun hærri, kr. 7.666.094, eða kr. 2.056.096 umfram áætlun. Þar munar mestu að stofnbúnaður var keyptur fyrir kr. 2.178.335. Stærstu liðirnir eru hillur kr. 716.256 og þar af notaðir hjólaskápar frá bókasafni fyrir kr. 600.000, kirkjubækur á örfilmum kr. 641.700 og Íslandskort fyrir kr. 500.000. Þá var keypt önnur tölva og ný ljósritunarvél sem jafnframt tengist tölvunum sem prentari. Eigið fé í árslok er því aðeins kr. 279.930. Nýju hillurnar voru settar upp í ágústlok og hefur geymslu- og hillupláss safnsins þrefaldast og mun það væntanlega duga safninu til næstu 15 ára. Það er vissulega léttir að geta nú boðið skilaskyldum stofnunum svo sem sveitarfélögum og einnig eintaklingum, félögum og fyrirtækjum öruggar góðar geymslur. Bæjar- og héraðsbókasafnið mun hafa not af hluta hillanna um sinn og sveitarfélagið Árborg getur haft þar fjargeymslu fyrir varðveisluskyld skjöl sín.

Gestir safnsins urðu 889 og er það átta fleiri en flest hefur verið áður. Í júní var opnuð sýning á ljósmyndum þeirra Guðmundu og Gunnlaugs frá Miðengi í Grímsnesi og í nóvember sýning tengd samnorræna sýningarverkefninu „kærligheden til". Sú sýning er enn uppi. Með kaupum kirkjubóka hefur náðst sá áfangi að filmusafnið nær nú yfir allt landið. Kortin, sem keypt voru, eru í mkv. 1:50.000 og ná yfir Árnes- og Rangárvallasýslur. Það eru dönsku kortin, hin elstu frá fyrsta áratugi 20. aldar, og amerísku kortin hin fyrstu sem gerð voru eftir loftljósmyndum um 1950. Þessi kort, einkum þau elstu, varðveita mikilvægar heimildir um landið, byggð og ferðaleiðir fyrir tæknibyltingu 20. aldar.

Mikið var unnið við að flokka og skrá skjöl í geymsluskrá safnsins og er nú frágangur skjala sveitarfélaga, sem afhent hafa verið, að mestu í viðunandi horfi. Þar hefur hinn nýi aðstoðarmaður lagt sitt að mörkum. Aðkoma hans að safninu hefur styrkt það verulega enda tæplega forsvaranlegt að reka Héraðsskjalasafn Árnesinga sem eins manns stofnun. Sú þekking og reynsla sem verður til hjá safnverði er betur varðveitt ef fleiri en einn koma þar að.

## Úr aðfangaskrá Héraðsskjalasafns Árnesinga 2001

| | | |
|---|---|---|
| **A** | **Opinber skjöl sveitarfél. o.fl.:** | **Sá/Sú sem afhenti:** |
| 1) | Afréttamálafélag Flóa- og Skeiðahreppa | Jón Eiríksson |
| 2) | Barna- og gagnfræðaskólinn í Hveragerði | Grunnskólinn í Hveragerði |
| 3) | Búnaðarfélag Eyrarbakkahrepps | Nils Ólafsson |
| 4) | Grafningshreppur | Guðmundur Rúnar Svavarsson |
| 5) | Grímsneshreppur | Gunnar Jóhannesson o.fl. |
| 6) | Héraðsnefnd Árnesinga | Kristján Einarsson o.fl. |
| 7) | Héraðsskólinn á Laugarvatni | Hreinn Ragnarsson o.fl |
| 8) | Hveragerðisbær, sundlaugarnefnd | Björn S. Pálsson |
| 9) | Laugardalshreppur | Hreinn Ragnarsson |
| 10) | Listasafn Árnesinga | Hildur Hákonardóttir |
| 11) | Selfosskaupstaður, íbúaskrár | Bæjar- og héraðsbókasafnið |
| 12) | Skeiðahreppur | Sveinn Ingvarsson o.fl. |
| 13) | Skólaskrifstofa Suðurlands | Kristín Hreinsdóttir |
| 14) | Stokkseyrarhreppur | Hörður Sigurgrímsson |
| 15) | Sýslunefnd Árnessýslu | Andrés Valdimarsson |
| 16) | Þingvallahreppur | Ragnar L. Jónsson |
| **B** | **Skjöl félaga, fyrirtækja og einstaklinga:** | **Sá/Sú sem afhenti:** |
| 1) | Arnold Pétursson | Elín Arnoldsdóttir |
| 2) | Bjarni Konráðsson læknir | Sigríður Bjarnadóttir |
| 3) | Blómamiðstöðin | Sveinn Indriðason |
| 4) | Gestur og Ása, Syðra-Seli o.fl. | Halldór Gestsson |
| 5) | Helgi Ágústsson | Móeiður Helgadóttir |
| 6) | Helgi Ívarsson, Hólum | Helgi Ívarsson |
| 7) | Hellir í Ölfusi | Hjördís Þorsteinsdóttir |
| 8) | Holt í Stokkseyrarhreppi | Anna Guðrún og Hörður |
| 9) | Hótel Selfoss | Bæjar- og héraðsbókasafnið |
| 10) | J.C. Hveragerði | Björn S. Pálsson |
| 11) | Jónína Árnadóttir | Hildur Guðmundsdóttir |
| 12) | Kópsvatn | Magnús Jónsson |
| 13) | Kristinn Bjarnason, Þorkelsgerði | Kristófer Bjarnason |
| 14) | Knattspyrnudeild U.F.H.Ö. | Björn S. Pálsson |
| 15) | Kvenfélag Villingaholtshrepps | Halla Aðalsteinsdóttir |
| 16) | Magnús Jóhannesson frá Alvirðu | Dvalarheimilið Lundur, Hellu |
| 17) | Meyvant Sigurðsson frá Eiði | Þórólfur Meyvantsson |
| 18) | Samband eggjaframleiðenda | Ingibjörg Tönsberg |
| 19) | Sigurjón Gíslason, Kringlu | Geir Gissurarson |
| 20) | Skákfélag Selfoss | Úlfhéðinn Sigurmundsson |
| 21) | Vigdís Jónsdóttir | Vigdís Jónsdóttir |
| 22) | Þorleifur Halldórsson | Sólveig Þorleifsdóttir |
| 23) | Ögmundur Kolbeinsson, Hjálmholti | Bæjar- og héraðsbókasafnið |
| **C** | **Ljósmyndir:** | **Sá/Sú sem afhenti** |
| 1) | Ljósmyndir frá Eyrarbakka | Baldur Maríusson |
| 2) | Paul Michelsen, Hveragerði, hús o.fl. | Vignir Bjarnason |

**Öllum velunnurum safnsins, gestum og gefendum, er þakkað ánægjulegt samstarf.**

Björn Pálsson
héraðsskjalavörður